

*Náttúruminjasafn Íslands (kt. 520707-0340), hér eftir nefnt „safnið“, og Hið íslenska náttúrufræðifélag (kt. 620169-7499), hér eftir nefnt „félagið“, gera með sér svofelldan samning:*

1. gr.

Safnið ræður til sín starfsmann sem gegnir starfi ritstjóra tímaritsins *Náttúrufræðingsins* sem gefinn verður út í nafni safnsins og félagsins frá og með 1. tölublaði., 84. árgangi.

Nánari lýsing á starfinu kemur fram í starfslýsingu ritstjórans. Þar skal m.a. koma fram að hver árgangur *Náttúrufræðingsins* skal vera minnst 160 blaðsíður og koma út í fjórum tölublöðum á viðkomandi almanaksári.

2. gr.

Safnið sér um launauppgjör og launagreiðslur til ritstjórans.

Á móti greiðir félagið safninu upphæð sem nemur 50% af launum og launatengdum gjöldum ritstjórans. Kjör ritstjórans taka mið af ákvæðum í gildandi kjarasamningi ríkisstofnana við Félag íslenskra náttúrufræðinga á hverjum tíma.

Þá greiðir félagið til móts við safnið helming af kostnaði sem fellur til vegna prentunar og dreifingar á *Náttúrufræðingnum*.

3. gr.

Skrifstofa ritstjóra, afgreiðsla tímaritsins sem og fundaraðstaða ritnefndar og stjórnar félagsins verða til staðar í húsakynnum safnsins.

Safnið veitir félaginu framangreinda aðstöðu, sem m.a. felur í sér aðgang að nauðsynlegum tölvu- og skrifstofubúnaði, endurgjaldslaust.

4. gr.

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. febrúar 2014 og er ótímabundinn. Hvorum aðila er heimilt að óska eftir endurskoðun hans fyrir hver áramót.

Við samningslok flyst útgáfa *Náttúrufræðingsins* að fullu til félagsins.

Rísi mál út af samningi þessum skal vísa til gerðardóms er skipaður sé fulltrúum aðila og oddamanni skipuðum af Lagastofnun Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 53/1989. Úrskurður gerðardóms er endanlegur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila og telst hvort um sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, 22. febrúar 2014.

F.h. formans

Hafdís Hanna Egísdóttir

Árni Hjartarson

formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags

H. (H.) J. Malmquist  
Hilmar J. Malmquist  
forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands